

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulag Hamranesnámu vegna farsímaloftnets.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 23. nóvember sl. breytingu á deiliskipulagi Hamranesnámu. Breytingin gerir ráð fyrir lóð undir farsímaloftnet á Hamranesi. Gert er ráð fyrir að mastrið verði 16 m hátt, á lóð sem er 8 x 8 m að stærð.

Tillagan að breytingunni var auglýst frá 23. september sl. með athugasemdafresti til 4. nóvember sl. Ábendingar bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 2. febrúar 2023.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 16. febrúar 2023